


Kæru lesendur og auglýsendur

Nú er Hlaupastelpan gefin út á *fimmtudögum* og því rennur skilafrestur auglýsinga út á

Þriðjudögum kl. 15:00. 😊

ATH! Verð á auglýsingum

Verð hálf síðu er kr.2900.-m.vsk
Verð heilsíðu er kr.3990.-m.vsk



Auglýsing um deiliskipulag

Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar samþykkti þann 13. febrúar s.l. að auglýsa skv. 1. mgr. 43. gr skipulagslaga nr. 123/2010 tillögu að breytingu á deiliskipulagi ferðaþjónustusvæðis í Rauðuskriðu í Aðaldal í Þingeyjarsveit, en svæðið er skilgreint sem verslunar- og þjónustusvæði V-06: í Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010-2022.

Tillagan gerir ráð fyrir því að reist verði á næstu árum 6 ný gistihús 120-150 m² að stærð auk þess sem gefinn er möguleiki á því að breyta núverandi útihúsum í aðstöðu fyrir ferðaþjónustu. Tillöguuppdráttur með greinargerð mun liggja frammi á skrifstofu Þingeyjarsveitar, Kjarna, 650 Laugar frá og með föstudeginum 21. febrúar til og með föstudeginum 4. apríl 2014. Þá eru upplýsingar og aðgengilegar á heimasíðu Þingeyjarsveitar: www.thingeyjarsveit.is/skipulagsmál/deiliskipulag/tillögur_í_auglýsingu

Þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna. Frestur til að skila inn athugasemdum rennur út föstudaginn 4. apríl 2014. Skila skal athugasemdum skriflega til skrifstofu Þingeyjarsveitar, Kjarna, 650 Laugar og/eða í tölvupósti á netfangið: bjarni@thingeyjarsveit.is. Þeir sem ekki gera athugasemdir við tillöguna innan tilskilins frests teljast henni samþykkir.

Skipulags- og byggingarfulltrúi Þingeyjarsveitar

Geðorð vikunnar.

Öll höfum við einhverja hæfileika. Hæfileika sem geta nýst okkur í vinnu, skóla, við tómstundir og í samskiptum við annað fólk. Mikilvægt er fyrir hvern einstakling að finna hvar hæfileikar hans liggja, rækta þá og leyfa þeim að njóta sín. Það að vita af hæfileikum sínum og að geta nýtt þá skapar ákveðið stolt innra með okkur og leiðir til aukinnar vellíðunar. Við skorum á þig að finna þína hæfileika og rækta þá, það eykur líkur á velgengni í lífinu og leiðir til bættrar sjálfsmyndar. Við skiptum ÖLL máli!

Samráðshópur um áfallahjálp.

Atvinna.

Stórulaugar ehf. óska eftir fólki til starfa við ræstingar, eldhús og þvottahús, allar frekari upplýsingar í síma 464-2990 897-7093.

Kaffihús verður opið í Framhaldsskólanum á Laugum, í Miðdeild kl. 13:00 til 17:00.

Mikið af kræsingum verður í boði. Það er tilvalið að koma og setjast niður, fá sér kaffi og með því og byrja Tónkvíslardaginn.

Verið öll hjartanlega velkomin

Með kveðju

Sextíu ára og eldri í Þingeyjarsveit

Enn eru laus pláss á Unaðsdögum á Hótel Stykkishólmi 31. mars til 4. apríl.

Upplýsingar og skráning í síma 464-3121/898-0621

Ferðanefnd Félags eldri borgara í Þingeyjarsveit.

VERIÐ VELKOMIN Á FINN STÆRSTA TÓNLISTARVIÐBURÐ Á NORDURLANDI

ÍÞRÓTTAHÚSINU Á LAUGUM LAUGARDAGINN 1. MARS KL. 19:30 (HÚSIÐ OPNAÐ KL. 18:45)



SÖNGKEPPNI

FRAMHALDSSKÓLANS Á LAUGUM 2014

auk Borgarhólsskóla, Þingeyjarskóla, Reykjahliðarskóla,
Vopnafjarðarskóla og Grunnskóla Þórshafnar

MIDAVEÐ: 2.000,- KR FYRIR FULLORDNA
1.000,- KR. FYRIR GRUNNSKÓLANEMA
1.500,- KR. FYRIR NFL MEÐLIMI
FRITT FYRIR BÖRN Á LEIKSKÓLAALDRI

Nemendafélag Framhaldsskólans á Laugum þakkar eftirlöndum styrktaraðilum sérstaklega fyrir stuðninginn



Mývatn Open 2014

Hið árlega ísmót Mývatn Open verður haldið laugardaginn 8. mars á Stakhólstjörn við Skútustaði. Keppnisgreinar að þessu sinni eru Tölt A, Tölt B og Góðhestakeppni.

Á föstudeginum bjóða hestamannafélagið Þjálfí og Sel-Hótel Mývatn í reiðtúr á ísilögðu Mývatni þar sem boðið verður upp á samlokur og heitt kakó út í eyju – allir hjartanlega velkomnir (ekkt þátttökugjald).

Nánari upplýsingar á vefsíðu Þjálfí: www.thjalfi.123.is



Frá Sundlauginni á Laugum

Athugið að vegna viðhalds verður sundlaugin lokuð

**fimmtudaginn 6. mars, föstudaginn 7. mars og
laugardaginn 8. mars**

Forstöðumaður



Bolla, bolla !!!

Sunnudaginn 2. mars verður bollusala á vegum foreldrafélags Stórutjarnaskóla. Ætlunin er að rúnta milli bæja á skólasvæði Stórutjarnaskóla og selja dýrindis rjómobollur, (í von um að veður og færð leyfi) ágóðinn rennur í að gleðja nemendur skólans við hin ýmsu tilefni.

Kveðja, Stjórnin

Atvinna í boði

Goðafossmarkaður auglýsir eftir starfsfólki sumarið 2014.
Umsækjendur skulu vera orðnir 18 ára.
Tungumála og tölvukunnátta nauðsynleg.
Aðlaðandi og glaðlegt viðmót æskilegt.
Umsóknarfrestur er til 15. mars.
Nánari upplýsingar gefa:

Margrét 8928640
Ósk 8626073
Lotta 4643277

8.tbl.
27. febrúar
2014

Hlaupastelpan

hlaupastelpan@isl.is,s:4643366/gsm:8953386



DALAKOFINN

- Kótelettukvöld -

Laugardaginn 8. mars kl. 20 verður haldið kótelettukvöld í Dalakofanum á Laugum. Kóteletturarnar eru sérvaldar og þykkar að hætti Kótelettufélags Íslands. Meðlæti eru brúnaðar kartöflur, rauðkál, grænar baunir og sulta. Í eftirrétt verður ís og kokteilávextir.

Miðaverð er 4800 kr. síðasti skráningardagur er mánudaginn 3. mars. Hægt er að skrá sig í síma 464-3344 eða á netfangið dalakofinn@dalakofinn.is

Á heimasíðu Dalakofans dalakofinn.is eru upplýsingar um opnunartíma, matseðil veitingarstaðarins og fleira

Verið ávallt velkomin
Dalakofinn / Útibú ehf. dalakofinn.is
s. 464-3344